

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 68/96  
frá 27. nóvember 1996**

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/96 frá 23. júlí 1996<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/337/EB frá 8. maí 1996 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir ljósaperur fyrir tvær peruhöldur<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2ei (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/304/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2ej. 396 D 0337: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/337/EB frá 8. maí 1996 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir ljósaperur fyrir tvær peruhöldur (Stjtið. EB nr. L 128, 29. 5. 1996, bls. 24).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 291, 14. 11. 1996, bls. 41 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 51, 14. 11. 1996, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 128, 29. 5. 1996, bls. 24.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/337/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. nóvember 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

H. Hafstein

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner